



Reykjavík 13.10.2016

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 12. október 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Göngugötur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. október 2016, varðandi að Laugavegur, frá Vatnsstíg að mótum Bankastrætis og Þingholtstrætis, og Skólavörðustígur, frá gatnamótum Bergstaðastrætis að Bankastræti, verði tímabundið gerð að göngugötusvæði dagana 2. til 6. nóvember 2016 vegna hátíðarinnar Icelandic Airwaves.

Þar að auki er lagt til að Bankastræti verði lokað vegna viðburðar í tengslum við Airwaves og Pönksafn Íslands þann 2. nóvember frá kl. 15:00 til miðnættis. Á þeim tíma verður ekki hægt að aka niður Þingholtsstræti og Skólastræti að Bankastræti.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir sitja hjá við afreiðslu erindisins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvín Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. október 2016.

Reykjavík 10. október 2016 (HG)

Til umhverfis- og skipulagsráðs

Göngugötur í miðborg Reykjavíkur 2016

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin verður haldin 2.-6.nóvember næstkomandi, á hátíðina koma sex þúsund erlendir gestir og verða í allt níu þúsund miðar seldir á hátíðina í ár. Auk hátíðarinnar sjálfar verða mikið af svokölluðum „off-venue“ eða hliðarviðburðum um alla borg þessa daga. Flestir þessara viðburða verða miðsvæðis í borginni. Ekki þarf miða inn á hátíðina til þess að mæta á „off-venue“ eða hliðarviðburðina og því má gera ráð fyrir mun fleiri gestum á hátíðina en þeim 9 þúsund sem kaupa miða.


Lagt er til að Laugavegurinn, frá Vatnsstíg að gatnamótum Bankastrætis og Þingholtstrætis, og Skólavörðustígur, frá gatnamótum Bergstaðastrætis að Bankastræti, verði tímabundið gerð að göngugötusvæði á meðan á hátíðinni stendur. Svæðið verður göngugata í fimm daga, frá og með miðvikudeginum 2. nóvember til og með sunnudeginum 6. nóvember. Hátíðin setur mikinn svip á borgina og henni fylgir fjölbreytt mannlíf. Mikill fjöldi fólks verður á göngugötusvæðinu þessa daga og veitir því ekki af rými á svæðinu fyrir gangandi vegfarendur.

Hliðum sem nú eru á göngugötusvæðinu (sjá kort) verður lokað.



Akstur verður heimilaður, fyrir vöruafgreiðslu, milli kl. 07:00 og 11:00 frá mánudegi til föstudags. Bifreiðastöður verða óheimilar á meðan gatan er lokað fyrir bílaumferð.

Þar að auki er lagt til að Bankastræti verði lokað vegna viðburðar í tengslum við Airwaves og Þönksafn Íslands þann 2. nóvember frá kl. 15:00 til miðnættis. Á þeim tíma verður ekki hægt að aka niður Þingholtsstræti og Skólastræti að Bankastræti. Upplýst verður vel um viðburðinn og íbúum kynnt fyrirhuguð lokun.



Upplýst verður um götulokunina með fréttatilkynningu, á heimasíðu Reykjavíkurborgar og á samfélagsmiðlum, auk þess samtök rekstraraðila á svæðinu verða upplýst.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,
Hildur Gunnlaugsdóttir, verkefnisstjóri borgarhönnunar

Reykjavík, 19. Október 2016

Kæru borgarráðsfulltrúar,

Lögð hefur verið fram tillaga af umhverfis – og skipulagssviði Reykjavíkurborgar um lokun Skólavörðustígs, frá gatnamótum Bergstaðarstrætis að Bankastræti, dagana 2.-6 nóvember.

Við undirrituð viljum hér með lýsa yfir eindregnum mótmælum vegna þessarar tímabundnu lokunar og því að gatan verði gerð að göngugötusvæði umrædda daga á meðan að tónlistarhátíðin Iceland Airwaves fer fram.

Okkar skoðun er sú að tilgangurinn með þessari lokun er með öllu óljós. Í fyrra var götum lokað á svæðinu á meðan Airwaives stóð yfir og var það harðlega gagnrýnt af verslunareigendum. Reynslan hefur sýnt okkur að þegar lokanir eru á svæðinu, t.d. á Hönnunarmars og á Iceland Airwaives þá hefur bæði umferð og verslun dregist verulega saman á umræddu svæði. Veðrið t.d. í fyrra á Iceland Airwaves var mjög slæmt með tilheyrandi roki og rigningu og lokaðar götur voru mannlausar. Það að hefða aðgengi að miðborginni á þessum árstíma, með umræddum lokunum fyrir umferð, er til þess eins fallið að fæla fólk frá miðbænum.

Það er einlægur vilji okkar að það verði tekið tillit til þessara athugasemda. Við viljum öll að verslun og viðskipti blómstri í miðborginni og það er okkar skoðun að þessar lokanir séu ekki til þess fallnar að ýta undir fjölbreyttan verslunarrekstur.

Máli okkar til stuðnings þá ber að geta þess að safnað hefur verið undirskriftum á meðal verslunareiganda á neðri hluta Skólavörðustígs þar sem lokunum er mótmælt. Mikill meirihluti rekstraraðila á svæðinu hefur skrifað undir mótmælin. Sambærilegur listi var einnig gerður vegna lokana á Laugavegi og þar hafa um 100 rekstraraðilar skrifað undir.

Með vinsemd og virðingu,
Heiða Lára Aðalsteinsdóttir
Boutique Bella
Skólavörðustíg 8

Bolli Ófeigsson
Gullsmiðja og Listmunahús Ófeigs
Skólavörðustíg 5

